

Alb.

BRJEF

# Hannes Hafstein

Herra ritstj.

Eggert Claessen gerir — ef gamansamlega má að orði komast — of lítið úr Hannesi Hafstein, í minningargrein sinni í Lesbók Mbl. 30. nóv., er hann segir, að hann hafi aðeins verið „rúmlega meðalmaður á hæð“. Hæð hans var fyrir nál. 50 árum, röskir 68. þuml. danskir, og var hæð á þeim dögum, er menn voru ekki eins hávaxnir hjer á landi og nú, mun meira en meðalhæð. Claessen hefir þarna farið ólíkt því sem vanalegaðt er, en það er að menn geri of mikið úr hæð beirra, sem þeim finst mikið um. Jég minnist þess t. d., að maður sagði við mig, að Tryggvi Gunnarsson, móðurbróðir Hannesar Hafsteins, væri 3 álnir; en jeg hýgg að þeir frændurnir hafi verið álíka háir, án þess þó að mjer væri eins vel kunnugt um hæð Tryggva einsog systursonar hans. En hafi munurinn verið nokkur, þá var hann víst sá, að Tryggvi var heldur lægri.

Um heilsuþrot og dauða Hannesar Hafsteins hefi jeg ýmislegt heyrt og sjeð, sem jeg hygg ekki rjett vera. Jeg heyrði hann sjálfan segja frá því, að hann hefði á skólaárum sínum fengið taugaveiki, og upp úr henni æðabólgu, sem honum batnaði aldrei til fulls. Þegar hann varð fyrir mikilli sorg 1913, brast smáæð í heilanum. Pessi heilablæðing ágerðist svo síðar, að fullkominn heilsuþrot og dauða hans leiddi af — að því er mjer hefir sagt verið.

Frá Agli Skallagrímssyni er það sagt, að hann þrútnaði svo af harmi eftir dauða Böðvars sonar síns, að fötin rifnuðu utanaf honum. Það virðist ekki ólisklegt, er ham þrútnaði svo, að einhver æðini kynnji að hafa brostið, ef drengið hefði verið úr þanþoli æðaveggjanna sakir undangengimna veikinda.

4. des.

Helgi Pjeturss.